

# **Stykkishólmssbær**

**Stefnumörkun í húsnæðismálum  
Grunnskólans í Stykkishólmi  
og Tónlistarskóla Stykkishólms**

Nánari upplýsingar:

Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður  
Berglind Axelsdóttir  
Gretar D. Pálsson



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
1.1	Skipunarbréf .....	3
1.2	Nefndin.....	3
<b>2</b>	<b>Markmið .....</b>	<b>5</b>
2.1	Markmið nefndarinnar.....	4
<b>3</b>	<b>Staða 2005.....</b>	<b>6</b>
3.1	Grunnskóli .....	6
3.2	Tónlistarskóli .....	6
3.3	Fjármál .....	8
<b>4</b>	<b>Verkefnið .....</b>	<b>9</b>
4.1	Fundir.....	9
4.2	Stefnumörkunarþing .....	9
4.3	Íbúaþing .....	10
<b>5</b>	<b>Úrvinnsla .....</b>	<b>11</b>
5.1	Stefnumörkunarþing .....	11
5.1.1	Núverandi fyrirkomulag .....	11
5.1.2	Nýtt fyrirkomulag .....	12
5.1.3	Hvað þyrti að vera í nýju húsnæði? .....	13
5.2	Tölfræði.....	15
<b>6</b>	<b>Niðurstaða.....</b>	<b>16</b>
6.1	Niðurstaða .....	16
6.2	Tillaga.....	16
<b>7</b>	<b>Viðhengi .....</b>	<b>17</b>
7.1	Aðalbók Grunnskóla og Tónlistarskóla.....	17
7.2	Dæmi um skipurit vinnuhóps.....	20
7.3	Vinnugögn frá stefnumörkunarþingi .....	20



## 1 Inngangur

Á 200. fundi sínum, 12. maí 2005, skipaði bæjarstjórn Stykkishólmssbæjar nefnd til að vinna að stefnumörkun í húsnæðismálum Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms. Nefndina skipa Elísabet L. Björgvinsdóttir formaður, Gretar D. Pálsson og Berglind Axelsdóttir. Við vinnu sína hefur nefndin fundað með skólastjórum og haldið stefnumörkunarþing með starfsmönnum skólanna beggja, auk aðal- og varamanna í fræðslunefnd Stykkishólmssbæjar og skólanefnd Tónlistarskólans. Nefndin fór einnig yfir gögn varðandi niðurstöður íbúaþings, rekstur skólanna, fjölda nemenda og hugsanlega þróun og húsnæðisþörf á næstu árum. Nefndarmenn ræddu í því sambandi við Þór Örn Jónsson, bæjarritara, Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra og Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur, forstöðumann Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi.

### 1.1 Skipunarbréf

Erindisbréf nefndarinnar var svo hljóðandi:

Bæjarráð leggur til að nefnd sem vinna skal að stefnumörkun í húsnæðismálum fyrir grunn- og tónlistarskóla verði skipuð 3 fulltrúum. Tveir komi frá D-lista og einn frá L-lista.

Bæjarstjóri, skólastjóri grunnskólans og skólastjóri tónlistarskólans skulu vinna með nefndinni. Nefndin getur kallað til fleiri aðila ef það þykir henta.

Nefndin leggi mat á líklega húsnæðisþörf skólanna, skoði hverjar eru sameiginlegar þarfir skólanna með tilliti til mögulegrar samnýtingar húsnæðis og annarrar aðstöðu.

Gæta skal að því að séð verði fyrir góðri starfsaðstöðu fyrir báða skólana og rökstuddar tillögur um tilfærslu ef það verður niðurstaða.

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. nóv. 2005.

### 1.2 Nefndin

Nefndina skipa Elísabet L. Björgvinsdóttir formaður, Gretar D. Pálsson og Berglind Axelsdóttir. Viðmælendur nefndarmanna voru, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi, Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Stykkishólms, Þór Örn Jónsson bæjarritari Stykkishólmssbæjar, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri Stykkishólmssbæjar, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir forstöðumaður Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi og þátttakendur á stefnumörkunarþingi 6. október 2005.



## 2 Markmið

Í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar þar sem segir; “*Nefndin leggi mat á liklega húsnæðispörf skólanna, skoði hverjar eru sameiginlegar þarfir skólanna með tilliti til mögulegrar samnýtingar húsnæðis og annarrar aðstöðu. Gæta skal að því að séð verði fyrir góðri starfsaðstöðu fyrir báða skólanum og rökstuddar tillögur um tilfærslu ef það verður niðurstaða.*” , setti nefndin sér það að jafnframt því að skoða núverandi aðstæður og ræða við starfsfólk skólanna, yrði einnig leitað eftir hugmyndum starfsfólksins um mögulega framtíðarskipan í rekstri og húsnæði.

### 2.1 Markmið nefndarinnar

Markmiðið var því að gera tillögu að stefnumörkun fyrir Grunnskólann í Stykkishólmi ásamt Tónlistarskóla Stykkishólms varðandi framtíðarhúsnæði og rekstur, sem byggði á hugmyndum þeirra sem við skólanu starfa.



### 3 Staða 2005

Nefndin kannaði húsnæðismál skólanna og rekstrarstöðu skólanna eins og hún er í dag.

#### 3.1 Grunnskóli

Í september 2005 er Grunnskólinn í Stykkishólmi rekinn á tveimur stöðum, yngri deild við Skólastíg og eldri deild við Borgarbraut. Í skólanum eru 181 nemendur, 78 í yngri deild (1.-5. bekkur) og 103 í eldri deild (6.-10. bekkur). Íþróttahús og sérgreinastofur eru í og við skólahúsið við Borgarbraut og eru dæmi um að börn úr yngri deild þurfi að sækja þangað oftar en einu sinni á dag, gangandi.

Skólahúsnæðið við Skólastíg samanstendur af þremur húsum, aðalhúsinu, „kálfi“ með tveimur skólastofum og húsnæði heilsdagsskólans á Skólastíg 11, en þar fer sérkennslan einnig fram. Vinnuaðstaða kennara er lítil og fer að mestu fram í kennslustofunum. Kennarastofa, salur, salerni og ljósritunar/geymslu herbergi eru samnýtt með tónlistarskólanum. Ein kennslustofa er samnýtt með tónlistarskólanum, í „kálfinum“.

Í húsnæðinu við Borgarbraut er ágæt vinnuaðstaða fyrir kennara. Sérgreinastofur eru flestar í bráðabirgðastofum, m.a. í kjallaranum þar sem birta er lítil. Unnt er að opna á milli tveggja stofa á efri hæðinni. Viðtals/sérfræðingsherbergi er eitt. Kennarastofan er góð og hafa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og skólaritari sér skrifstofur. Skólabókasafnið er við Borgarbraut og er ágætlega fyrir komið. Nemendur og starfsmenn fá heitan mat í hádeginu frá Hótel Stykkishólmi og er borðað í tveimur hópum. Heilsdagsskólinn fær einnig mat baðan. Engin mötuneytisaðstaða er í skólanum og enginn salur, en matast er í svokallaðri „Helgafellsálmu“ sem er skv. teikningum hugsað sem tengigangur yfir í viðbyggingu við skólann. Geymslur vantart.

Skólalóðirnar eru báðar í slöku ásigkomulagi. Leiktæki eru flest gömul, fá og í niðurníðslu.

#### 3.2 Tónlistarskóli

Í september 2005 er Tónlistarskólinn til húsa í skólahúsnæðinu við Skólastíg ásamt yngri deild Grunnskólans. Við skólann eru rúm 6 stöðugildi/kennrarar, nemendur eru 118 og 15 á biðlista. Skólinn hefur til umráða 4 kennslustofur og samnýtir eina kennslustofu með Grunnskólanum, eftir hádegi. Í húsnæðinu er ágætis tónleikasalur, sem einnig er nýttur til kennslu af báðum skólunum. Kennslustofur eru flestar mjög litlar. Skrifstofa skólastjóra er í mjög litlu rými. Önnur sameiginleg aðstaða með Grunnskólanum eru kennarastofa, ljósritunar/geymslu herbergi og salerni. Yngri nemendur eru í nokkrum tilfellum teknir út úr tínum í Grunnskólanum í samráði við foreldra og umsjónarkennara.



### 3.3 Fjármál

Skoðaðar voru rekstrartölur skólanna (sjá töflu í viðauka 1) vegna ársins 2004 m.a. til að finna hvort sjá mætti í þeim hagræði af samrekstri. Stærstu tölurnar eru í launaliðum. Samrekstur mun harla lítil áhrif hafa þar til lækkunar. Nýting starfsfólks mun þó aukast vegna nálægðar og vegna minni ferðatíma jafnt starfsfólks sem nemenda. Kostnaður ýmissa annarra rekstrarliða er ekki afgerandi og mun ekki hafa veruleg áhrif á hagkvæmni þess að hafa skólana á sama stað eða við óbreytt fyrirkomulag.

Heildar rekstrarkostnaður Grunnskólans árið 2004 var 132,4 milljónir króna og Tónlistarskólans 23,9 milljónir, samtals er því árlegur kostnaður 156,3 milljónir króna. Launaliðir eru þar af 121,6 milljónir eða 77% af heildarkostnaði. Laun eru 75% af kostnaði Grunnskólans 2004 og þau eru 91% af kostnaði Tónlistarskólans.

Aðrir rekstrarliðir að frádregnum tekjum eru því 23% af kostnaði samtals. Sem skiptist þannig: Vörugaup 9,4 milljónir, leiga á húsnæði skólanna er reiknuð samtals 17,5 milljónir, aðkeypt þjónusta 12 milljónir, reiknuð afnot af húsnæði (sundlaug og íþróttahús) 4 milljónir.

Tekjur eru samtals 8,3 milljónir.

Til að hafa áhrif á raunverulega niðurstöðu rekstrarkostnaðar til lækkunar þarf því að fara vel yfir þá þjá gjaldflokka sem flokka má sem ytri kostnað, þ.e. : Launaliði, vörugaup og aðkeypta þjónustu. Hafa ber þá í huga að margt smátt gerir eitt stórt.



## 4 Verkefnið

Verkefni nefndarinnar var að kanna núverandi húsnæðismál skólanna og hvort þörf væri á breytingum þar á. Tók nefndin fljótlega þá ákvörðun að leita eftir hugmyndum starfsmanna skólanna og einnig að kynna sér það sem áður hafði komið fram um þetta málefni. Haldið var stefnumörkunarþing og farið yfir niðurstöðu íbúaþings.

### 4.1 Fundir

Nefndin hélt fimm fundi. Fyrsti fundur var 20. júní 2005. Þar var ákveðið að nefndarmenn myndu kynna sér niðurstöður íbúaþings varðandi þennan málauflokk auk þess sem stefnt skyldi að fundi með skólastjórum og í kjölfarið á því fundi með starfsmönnum skólanna. Vegna sumarleyfa þótti ráðlegt að geyma þá vinnu fram í ágúst.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn 30. ágúst 2005. Á fundinn mættu Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans og Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri Grunnskólans. Á fundinum var farið yfir málið og lögð fram hugmynd nefndarinnar um „stefnumörkunarþing“ þar sem vinnuhópar skipaðir starfsmönnum skólanna myndu skrá niður hugmyndir sínar.

Priðji fundur nefndarinnar var haldinn 22. september 2005. Var þar um að ræða undirbúningsfund fyrir stefnumörkunarþingið.

Stefnumörkunarþing með starfsmönnum skólanna, aðal- og varamönnum fræðslunefndar og skólanefndar Tónlistarskólans var haldið 6. október 2005.

Nefndarmenn nýttu sér fjarvinnslu við samantekt og úrvinnslu þessarar skýrslu. Skiptu menn með sér verkum og sendu gögn sín á milli í tölvupósti.

Nefndin hélt sinn lokafund 1. nóvember 2005 þar sem farið var yfir lokaskýrslu nefndarinnar.

### 4.2 Stefnumörkunarþing

Nefndin stóð fyrir stefnumörkunarþingi, vegna húsnæðismála Grunn- og Tónlistarskólans fimmtudaginn 6. október 2005, til þess að gefa því fólk, sem hefur með þessi mál að gera í bæjarfélaginu, tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á stefnumörkunina.

Þingið var haldið í húsnæði Grunnskólans við Borgarbraut og hófst kl 19:30. Á þingið voru boðaðir allir starfsmenn skólanna beggja, ásamt aðal- og varamönnum í fræðslunefnd Stykkishólmsbæjar og skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms.

Þátt í þinginu tóku, auk nefndarmanna, 27 manns. Hópnum var skipt í þrjá vinnuhópa og að aflokinni hópavinnu skýrðu hóparnir frá sínum hugmyndum og nokkrar umræður urðu. Í hópavinnunni var m.a. hugað að kostum og göllum þess, annars vegar að búa við óbreyttar aðstæður og hins vegar að koma allri þessari skólastarfsemi á sama svæðið. Þátttakendur voru hvattir til hugmyndaauðgi og að koma fram með hugmyndir um hvernig beir teldu þessari starfsemi vel fyrir komið í framtíðinni. Þinginu lauk um kl. 22:30.



#### 4.3 Íbúaþing

Stykkishólmsbær stóð fyrir íbúaþingi 1. nóvember 2003 undir yfirschriftinni „Hólmarar – tökum höndum saman”. Umsjón með þinginu hafði Alta ehf. Á þinginu kom fram að æskilegt væri að marka stefnu um að Grunnskólinn fari undir eitt þak. Þar kom einnig fram að framtíðarskipulag Grunnskólans þurfi að taka mið af starfsemi og húsnæðisþörfum Tónlistarskólans og jafnframt var kallað eftir frekari samræmingu á skólastarfi Grunnskólans og Tónlistarskólans.

(kafla 7.2. um opinbera þjónustu, bls. 20 í greinagerð um íbúaþingið)



## 5 Úrvinnsla

### 5.1 Stefnumörkunarþing

Á stefnumörkunarþinginu var farið yfir kosti og galla þess að búa við númerandi fyrirkomulag eða nýtt. Hóparnir voru sammála um það að koma byrfti allri þessari skólastarfsemi undir sama þak, eða á sama svæði, við Borgarbraut.

#### 5.1.1 Númerandi fyrirkomulag

Hóparnir fjölluðu fyrst um kosti og galla númerandi fyrirkomulags. Bent var á að það að hafa yngri deild áfram sér, hefði í för með sér rólegra, fámennara og verndaðra samfélag þar sem allir þekkjast með nafni og betra er að halda utan um hópinn t.d. í frímínútum. Yngri börnin fá gott næði til að aðlagast nýju skólastigi. Á hinn bóginn var bent á að auðvelt er að skipuleggja útiveru á einum stað, án þess að árekstrar þurfi að verða og stór galli að nemendur þurfi að fara yfir umferðargötu á milli staða. Einnig þótti það mikill galli að yngri nemendur burfa í dag að fara nær daglega á milli skólanna og íþróttahússins og jafnvel oft á dag. Þykir það mikill tímabjófur og erfitt í misjöfnu veðri. Yngri nemendur þykja heldur ekki fá næg tækifæri til þess að kynnast eldri nemendum. Það þykir og galli að yngri deildir eru ekki í nálægð við bókasafn skólans.

Návígí Grunnskólans og Tónlistarskólans eins og er í dag, gefur möguleika á því að taka börnin í tónlistartíma úr tínum í Grunnskólanum og styrra þannig vinnudag þeirra, þykir það kostur. En á hinn bóginn þá var einnig bent á það að sa kostur þyrfi að vera í boði fyrir alla nemendur Grunnskólans. Ef skólunum yrði komið fyrir á sama svæði, væri hægt að uppfylla það. Þátttakendur töldu það kost að börnin fengju umferðarfræðslu og aukna hreyfingu í ferðum sínum á milli staða, en með breyttu fyrirkomulagi þykir auðvelt að koma slíku inn í kennsluna. Samvinna kennara og starfsfólks yngri deilda var einnig talinn kostur í þessu nána samfélagi sem er nú á Skólastígnum. En fólk taldi það einnig galla, þar sem erfitt væri að hafa yfirsýn yfir skólastarfið í heild. Upplýsingaflæði væri erfitt og oft lítil tengsl á milli yngri og eldri deilda. Nefnt var að það gæti verið kostur að yngri börnin hefðu eitthvað til að hlakka til við flutning á Borgarbrautina, en einnig var bent á að það gæti einnig valdið kvíða hjá börnum. Í Tónlistarskólanum hefur helmingur kennara ekki fasta kennslustofu og þar með ekki fastan stað fyrir kennslugögnum. Viðunandi aðstaða til kennslu tónfræðagreina er ekki til staðar. Meðal annars er kennt í stofu sex ára barna þar sem stólar og borð eru í barnastærðum.

Það að hafa skólastarfsemina á svona mörgum stöðum þykir dýrt rekstrarfyrirkomulag, fleiri stöðugildi þurfi og ekki er eins góð nýting á mannaúðnum, húsnæðinu og búnaði. Einnig þykir kostnaður og tími við ferðir starfsmanna og birgðaflutninga á milli skóla vera of mikill.

Prengsli þykja mikil, sérstaklega á Skólastígnum og slæmt að vera á þremur hæðum í gömlu óþægilegu húsnæði sem þarfnaðist viðgerða. Óhentugt þykir að komast um húsnæðið, erfiðir stigar og salerni í kjallara. Einnig þykir númerandi húsnæði takmarka möguleika á breyttu kennslufyrirkomulagi. Galli er einnig að ekki er unnt að bjóða öllum upp á mótneyti í dag.



Bent var á að skólinn við Borgarbraut væri ekki fullbyggður, kennt í stofum sem eru hannaðar og ætlaðar í annað og því vanti ýmis rými.

Í lokin var bent á að söknuður gæti orðið af útsýninu frá Skólastígnum.

### 5.1.2 Nýtt fyrirkomulag

Þáttakendur voru sammála um að við lifum á miklum breytingatínum og verðum að vera í stakk búin til að mæta nýjum kröfum og kennsluháttum. Einnig var samstaða um að æskilegt væri að skólnir yrðu fluttir á sama svæðið, við Borgarbraut. Tónlistarskólinn byrfti að vera við hlið Grunnskólans, en samt þannig að hægt yrði að loka eitthvað af og gæta þyfti bess að hljóðeinangrun væri næg. Samt sem áður væri æskilegt að samnýta ýmsa aðstöðu og sambætta starf skólanna. Kallað var eftir opnu sveigjanlegu rými og að húsnæði yrði hannað með starfsemi og stefnu skólanna í huga. Sambætting námssviða kallar á sveigjanlegt húsnæði og hönnun þess á ekki að vera of bundin af núverandi skipulagi. Þáttakendur töldu það mikilvægt að hlutur Tónlistarskólans vaxi frekar en hitt.

Þáttakendur fundu lítið af göllum við nýtt fyrirkomulag húsnæðismála skólanna. Þó var bent á að aukinni umferð yrði beint að einum stað sem gæti haft í för með sér aukna slysatíðni. En ef horft er til þróngrar aðstöðu við Skólastíginn nú, er líklegt að breyting yrði til batnaðar í því sambandi. Rætt var um að það að hafa eldri og yngri nemendur saman gæti haft í för með sér árekstra, en á hinn bóginn var bent á að í því fælust miklir möguleikar til náms og aukinnar færni í samskiptum.

Nýtt fyrirkomulag myndi bæta nýtingu og hagræðingu í allri umsýslan t.d. á öllum lager, pappír, kennslutækjum, skrifstofubúnaði, starfsfólk og rými, auk þess sem minni viðhaldskostnaður yrði. Mun minni tími færi í ferðir á milli staða og tíminn nýttist því betur til kennslu. Betri nýting yrði á mannauðnum.

Nýtt fyrirkomulag gefur möguleika á nýrri skólastefnu þar sem skólahúsnæðið er smíðað utan um starfsemina. Það gefur betri yfirsýn yfir allt skólasamfélagið þar sem allir nemendur og starfsfólk eru á einum stað. Ein heild sem gefur ef til vill möguleika á því að bæta inn fleiri þáttum s.s. heilsdagsúrræði, frístundaheimili, bæjarbókasafni, félagsmiðstöð og svæðisskrifstofu fatlaðra. Hugmyndir komu upp um að hafa félagsmiðstöð í hluta húsnæðisins þar sem klúbbastarfsemi á vegum Grunnskólans, tónlistarvinna og hljómsveitir, auk starfsemi frístundaheimilis gætu einnig farið fram. Einnig kom fram hugmynd um ungmennamiðstöð í núverandi pósthúsi sem starfsemi félagsmiðstöðvar myndi m.a. falla inn í. Rætt var um möguleikann á því að koma bókasafni bæjarins á einn stað með nána samvinnu í huga. Ekki var samstaða um þennan þátt á þinginu. Í kjölfarið var rætt við Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur, forstöðumann Amtsbókasafnsins og taldi hún þetta hugmynd sem vert væri að skoða nánar.

Með nýju fyrirkomulagi aukast möguleikar á því að sambætta starf skólanna og einsetningu þeirra. Sameiginlegir söngfundir á sal, uppsetning söngleikja, þemategnd vinna o.fl. sameiginleg verkefni. Sambætting gerir tónmenntakennslu í Grunnskólanum markvissari og auðveldara að láta nemendur njóta þess sem þeir eiga að fá af tónlistarnámi skv. skólanámskrá. Einnig var bent á að tónlistarkennrar gætu hugsanlega sinnt einhverri forfallakennslu í Grunnskólanum. Aukin samvinna auðveldar skipulagningu og nýtingu á tímum í Tónlistarskólanum og vinnutími tónlistarkennara myndi batna.



Með því að koma allri starfseminni fyrir á einu svæði er auðveldara og hagkvæmara að skipuleggja gott útvistasvæði fyrir alla aldurshópa.

### 5.1.3 Hvað þyrfti að vera í nýju húsnæði?

Þáttakendur komu fram með sínar hugmyndir um það hvað þyrfti sérstaklega að vera til staðar í nýju og breyttu húsnæði. Yngstu nemendurnir og tónlistastofur þyrftu að vera á sitt hvoru svæðinu, að einhverju leyti afmarkað frá annari starfsemi.

- **Skrifstofur:** Sameiginleg skrifstofa og ritari fyrir báða skólana, með öllum búnaði og samnýtingu kennslutækja.
- **Geymslur:** Góðar geymslur eru nauðsynlegar á hverju svæði, t.d. fyrir húsgögn og kennslutæki.
- **Ræstiherbergi:** Sameiginleg ræsting fyrir báða skólana og ræstiherbergi góð, á öllum svæðum. Þvottaaðstaða.
- **Setustofur/frímínútnaaðstaða inni,** með sófum, hljóðfærum og fleiru sem nemendur gætu nýtt sér.
- **Vinnuherbergi:** Vinnuaðstaða kennara þarf að vera svo góð að kennrar séu ekki bundnir að því að burfa að vinna undirbúningsvinnu sína í kennslustofunum. Rætt var um fartölvur fyrir alla kennara og allur tækjakostur og útbúnaður varðandi tölvur verði eins og best verður á kosið.
- **Kennarastofa:** Góð sameiginleg kennarastofa fyrir báða skólana með tilheyrandi þægindum.
- **Tónmenntastofa:** Tilvalið þykir að samnýta eina vel útbúna tónmenntastofu fyrir báða skólana, fyrir tónmenntakennslu/kór í Grunnskólanum og hópkennslu í Tónlistarskólanum.
- **Salur:** Einn stór salur, fjölnota rými fyrir báða skólana, matsalur, hátíðarsalur, tónleikasalur, æfingasalur og samþætting kennslu. Gæti einnig nýst fyrir Stykkishólmssbæ fyrir fundi. Útgangur í margar áttir. Svið sem hægt er að breyta.
- **Margmiðlunar vinnuaðstaða** í tengslum við salinn. Hljóðver, myndver og aðstaða fyrir stafræna vinnslu.
- **Listasmíðja,** þar sem yrði föndrað og unnin ýmiskonar verkefni. Þá yrði á einum stað það sem annars myndi dreifast á margar stofur og nýtast ver.
- **Sérgreinastofur:** Vel útbúnar.
- **Tónlistarstofur,** þurfa að vera rúmgóðar og vel einangraðar hannaðar og innréttar að þörfum kennslunnar.
- **Rými fyrir stuðningskennslu,** þarf að vera gott.
- **Annað:**
  - Rafrænar töflur.




- Skjávarpar í stofum.
- Undirgöng úr skóla yfir í íþróttahús.
- Hænsnakofi og jafnvel annað dýrahald.
- Kanna þarf hvort hagkvæmara er að kaupa mat tilbúinn eða koma upp mótneyti við skólann.

## 5.2 Tölfræði

Teknar voru saman tölur yfir fjölda nemenda í Grunnskólans árið 2005 í hverjum árgangi fyrir sig. Einnig voru skoðaðar tölur um fjölda barna í árgangi allt til og með 2004.

Í meðfylgjandi töflu er áætlaður fjöldi nemenda í hverri bekkjardeild allt til ársins 2014. Gengið er út frá meðaltalsfjölda nemenda í bekkjardeild eftir árið 2010. Samkvæmt bessari áætlun mun nemendum fækka úr 18,1 að meðaltali í árgangi í 16,6 að meðaltali 2014. Nemendum mun því fækka úr 181 í 166. Hér er eingöngu stuðst við núverandi tölur og meðaltöl en ekki gert ráð fyrir breytingu á íbúatölu bæjarins.

Rými Grunnskólans gæti því tekið mið af þessu.



Nemendur Tónlistarskólans eru að hausti 2005 alls 118. Fjöldi síðustu ára hefur verið frá 110 til 120 nemendur. Nemendur skólans eru á öllum aldri, frá 6 ára og upp í sjöunda tuginn.

Gera má ráð fyrir að fjöldi nemenda verði um 120 á ári næstu ár.



## 6 Niðurstaða

### 6.1 Niðurstaða

Niðurstaða nefndarinnar er:

- Að brýnt er að Grunnskólinn verði í einu og sama húsnæðinu með sína starfsemi og að Tónlistarskóli verði á sama svæði/lóð/húsnæði og Grunnskólinn.
- Að nýting starfsfólks verði betri og meiri ef skólanir eru á sama svæði.
- Að samlegðaráhrif í rekstri geti leitt til lækkunar á rekstrarkostnaði.
- Að horfa beri til sveigjanleika og breytilegrar skólastefnu við hönnun húsnæðis.
- Að skoða beri sambættingu, til dæmis heilsdagsskóla (frístundaskóla), félagsmiðstöðvar, bæjarbókasafns og sérhæfðrar starfsemi s.s. Svæðisskrifstofu fatlaðra, í húsnæði Grunn- og Tónlistarskóla.

### 6.2 Tillaga

Lagt er til að Grunnskólinn verði í einu og sama húsnæðinu með sína starfsemi og að Tónlistarskóli verði í samtengdu húsnæði. Húsnæði verði byggt upp á skólasvæðinu við Borgarbraut.

Lagt er til að samin verði skólastefna sem taki mið af nýrri tækni og nýjum tínum.

Lagt er til að við hönnun húsnæðis verði horft til sveigjanleika og breytilegrar skólastefnu.

Lagt er til að skipaður verði vinnuhópur sem haldi utan um þessa vinnu, (sjá dæmi um skipulag í viðauka 7.2)



## 7 Viðhengi

### 7.1

Aðalbók 2004		Lykill	Texti	Staða	Lykill	Texti	Staða	Samtals
<b>Fræðslu- og uppeldismál</b>								
<b>04211</b>	<b>Grunnskólinn Stykkishólmi</b>				<b>04511</b>	<b>Tónlistarskólinn</b>		
0252	Skólagjöld	0	0252	Skólagjöld	-3.366.627	-3.366.627		
0290	þjónustukejur / Vinnumálastofnun	0	0290	þjónustukejur / Vinnumálastofnun	0	0		
0343	Húsaleiga grunnskóla	-60.800	0343	Húsaleiga grunnskóla	0	-60.800		
0345	Véla- og áhaldaleiga	0	0345	Véla- og áhaldaleiga	0	0		
0350	Hljóðfæraleyga	0	0350	Hljóðfæraleyga	-117.450	-117.450		
0721	Vinna tæknimanna	0	0721	Vinna tæknimanna	30.000	30.000		
0740	Reiknuð hlutdeild rekstrareininga	-3.600.452	0740	Reiknuð hlutdeild rekstrareininga	0	-3.600.452		
0810	Endurgreiðslur svitarfélaga	-284.400	0810	Endurgreiðslur svitarfélaga	0	-284.400		
0900	Styrkir og framlög	-100.000	0900	Styrkir og framlög	0	-100.000		
0990	Aðrar tekjur	-558.060	0990	Aðrar tekjur	-217.311	-775.371		
Tekjur alls:		<b>-4.603.712</b>	Tónlistarskólinn				<b>-3.671.388</b>	<b>-8.275.100</b>
1111	Daglaunavinna	23.281.647	1111	Daglaunavinna	4.849.890	28.131.537		
1112	Ræstingarlaun	968.017	1112	Ræstingarlaun	672.675	1.640.692		
1118	Stjórnunarlaun	3.918.913	1118	Stjórnunarlaun	1.769.226	5.688.139		
1141	Kennslulaun	49.304.051	1141	Kennslulaun	7.457.397	56.761.448		
1171	Stjórnunarlaun	4.497.919	1171	Stjórnunarlaun	3.643.749	8.141.668		
1190	Önnur laun	514.923	1190	Önnur laun	124.317	639.240		
1191	Nefnda og stjórnarlaun	0	1191	Nefnda og stjórnarlaun	1.538.439	1.538.439		
1801	Tryggingagjald	7.933.133	1801	Tryggingagjald	1.767.394	9.700.527		
1890	Önnur launatengd gjöld	8.978.366	1890	Önnur launatengd gjöld	0	8.978.366		
1906	Kaffikostnaður	353.349	1906	Kaffikostnaður	24.504	377.853		
1991	Endurgr. útlagður kostnaður	4.459	1991	Endurgr. útlagður kostnaður	45.930	50.389		
Launakostnaður alls:		<b>99.754.777</b>	Launakostnaður alls:		<b>99.754.777</b>	21.893.521		<b>121.648.298</b>
2011	Skrifstofuvörur	13.557	2011	Skrifstofuvörur	0	13.557		
2021	Bækur	419.348	2021	Bækur	2.920	422.268		
2022	Tímarit, blöð	31.594	2022	Tímarit, blöð	0	31.594		
2024	Námsgögn	893.637	2024	Námsgögn	3.358	896.995		
2031	Ritföng, föndurefni	576.773	2031	Ritföng, föndurefni	35.450	612.223		
2032	Pappír	8.923	2032	Pappír	0	8.923		
2041	Ljósritunarvörur	29.208	2041	Ljósritunarvörur	0	29.208		
2044	Prentborðar, blek og duft	65.465	2044	Prentborðar, blek og duft	0	65.465		
2061	Viðhaldsvörur tækja og áhalsa	142.391	2061	Viðhaldsvörur tækja og áhalsa	0	142.391		
206208	Hugbúnaður (minniháttar),124	0	206208	Hugbúnaður (minniháttar),124	16.064	16.064		
2063	Tæki og áhöld	361.071	2063	Tæki og áhöld	0	361.071		
2081	Kort	6.064	2081	Kort	0	6.064		
2083	Geisladiskar	0	2083	Geisladiskar	39.569	39.569		
2095	Vörkuup til endursölu	34.650	2095	Vörkuup til endursölu	0	34.650		
2111	Matvæli	233.646	2111	Matvæli	0	233.646		
2112	Matvælakaup til endursölu	270.279	2112	Matvælakaup til endursölu	0	270.279		
2113	Matvæli - skólaeldhús	485.155	2113	Matvæli - skólaeldhús	0	485.155		
2114	Matvæli - mótnuyeti	15.000	2114	Matvæli - mótnuyeti	0	15.000		
2115	Birgðabreytingar	0	2115	Birgðabreytingar	0	0		
2511	Rafmagn til lýsingar	737.752	2511	Rafmagn til lýsingar	0	737.752		
2512	Rafmagn	683.258	2512	Rafmagn	0	683.258		
2521	Heitt vatn	1.693.636	2521	Heitt vatn	0	1.693.636		
2811	Minniháttar verkfæri og áhöld	0	2811	Minniháttar verkfæri og áhöld	866.884	866.884		
2821	Kennslutæki	452.720	2821	Kennslutæki	-985	451.735		
2822	Leikföng og tömstundataeki	18.440	2822	Leikföng og tömstundataeki	0	18.440		
2851	Borð og stólar	29.700	2851	Borð og stólar	0	29.700		
2852	Aðrir innanstokksmunir	7.780	2852	Aðrir innanstokksmunir	0	7.780		
2853	Minniháttar tæki	22.015	2853	Minniháttar tæki	0	22.015		
2854	Búsaáhöld	15.590	2854	Búsaáhöld	0	15.590		
2911	Hreinleitvisvörur/hjúkrún	396.080	2911	Hreinleitvisvörur/hjúkrún	0	396.080		
291109	Hreinleitvisvörur,E24,5	31.817	291109	Hreinleitvisvörur,E24,5	0	31.817		
2912	Lyf	28.500	2912	Lyf	0	28.500		
2914	Vefnaðarvörur	32.482	2914	Vefnaðarvörur	0	32.482		
2917	Hjúkrunarvörur	8.170	2917	Hjúkrunarvörur	0	8.170		
2930	Ymsar viðhaldsvörur	49.389	2930	Ymsar viðhaldsvörur	0	49.389		
2951	Handavinnuefn	606.723	2951	Handavinnuefn	0	606.723		
2954	Hljómplötur og nótanahefti	0	2954	Hljómplötur og nótanahefti	74.945	74.945		
2956	Heimilisfræði	13.372	2956	Heimilisfræði	0	13.372		
2990	Önnur vörkuup	0	2990	Önnur vörkuup	0	0		
Vörkuup alls:		<b>8.414.185</b>	Vörkuup alls:		<b>8.414.185</b>	1.038.205		<b>9.452.390</b>



**Stefnumörkun í húsnæðismálum Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms**

4011	Símagjöld	613.390	4011	Símagjöld	64.771	678.161
4014	Sjónvarpsgjöld	30.565	4014	Sjónvarpsgjöld	0	30.565
4113	Hóperáðbifreiðar	970.765	4113	Hóperáðbifreiðar	0	970.765
4114	Skólaakstur	136.200	4114	Skólaakstur	0	136.200
4115	Starfsmannabifreiðar skv. akstursdagbók	781.842	4115	Starfsmannabifreiðar skv. akstursdagbó	187.128	968.970
4116	Starfsmannabifreiðar fastar greiðslur	733.984	4116	Starfsmannabifreiðar fastar greiðslur	0	733.984
4181	Vörur- og sendibilar (innri þjónusta)	198.503	4181	Vörur- og sendibilar (innri þjónusta)	0	198.503
4211	Fargjöld innanlands	0	4211	Fargjöld innanlands	0	0
4221	Dagpenningar innanlands	27.700	4221	Dagpenningar innanlands	10.800	38.500
4231	Dvalarkostnaður innanlands	21.495	4231	Dvalarkostnaður innanlands	0	21.495
4341	þjónustusamningar	381.537	4341	þjónustusamningar	0	381.537
434109	þjónustusamningar,E24	125.426	434109	þjónustusamningar,E24	0	125.426
4343	Hugbúnaðargerð	1.864.890	4343	Hugbúnaðargerð	69.070	1.933.960
4351	Læknar	18.800	4351	Læknar	1.500	20.300
4390	Önnur sérfræðipjónusta	0	4390	Önnur sérfræðipjónusta	0	0
4411	Húsaleiga eignasjóður	14.868.000	4411	Húsaleiga eignasjóður	2.606.000	17.474.000
4421	Niðurgreidd húsaleiga starfsmanna	70.134	4421	Niðurgreidd húsaleiga starfsmanna	0	70.134
4495	Niðurgreidur sími starfsmanna	15.456	4495	Niðurgreidur sími starfsmanna	0	15.456
4696	Hlutdeild í rekstri skrifstofu	2.904.000	4696	Hlutdeild í rekstri skrifstofu	1.104.000	4.008.000
4711	Brunatryggingar fasteigna	30.000	4711	Brunatryggingar fasteigna	0	30.000
4712	Ábyrgðartryggingar	0	4712	Ábyrgðartryggingar	0	0
4721	Húsatryggingar	57.416	4721	Húsatryggingar	-15.620	41.796
4723	Lausafjárttryggingar	0	4723	Lausafjárttryggingar	0	0
4724	Stafsmanna- og nemendatryggingar	20.000	4724	Stafsmanna- og nemendatryggingar	0	20.000
4912	Póstburðargjöld	39.576	4912	Póstburðargjöld	0	39.576
4913	Auglysingar	87.716	4913	Auglysingar	58.545	146.261
4921	Fundir og ráðstefnur	35.200	4921	Fundir og ráðstefnur	0	35.200
4923	Námskeiðs- og skölögjöld	180.226	4923	Námskeiðs- og skölögjöld	60.000	240.226
4924	Félagsjöld	4.600	4924	Félagsjöld	10.358	14.958
4925	Risna og gjafir	30.250	4925	Risna og gjafir	0	30.250
4932	Innheimtulan og innheimtuþóknun	21.070	4932	Innheimtulan og innheimtuþóknun	6.840	27.910
4951	Vörur- og hráflutningar	0	4951	Vörur- og hráflutningar	1.050	1.050
4960	Viðhald	0	4960	Viðhald	188.340	188.340
4964	Viðgerðir áhalsa og innanstokksmuna	301.440	4964	Viðgerðir áhalsa og innanstokksmuna	19.991	321.431
4965	Viðhald húsa	3.920	4965	Viðhald húsa	0	3.920
4967	Hljóðaferavíðgerðir	0	4967	Hljóðaferavíðgerðir	54.701	54.701
4981	Vinna verksamanna	112.635	4981	Vinna verksamanna	0	112.635
4990	Önnur þjónustukaup	186.577	4990	Önnur þjónustukaup	235.027	421.604
<b>þjónustukaup alls:</b>		<b>24.873.313</b>			<b>4.662.501</b>	<b>29.535.814</b>
9693	Reiknuð afnot íþróttahús	1.620.000	9693	Reiknuð afnot íþróttahús	0	1.620.000
9694	Reiknuð afnot sundlaugar	2.328.000	9694	Reiknuð afnot sundlaugar	0	2.328.000
9936	Norræna félagið	0	9936	Norræna félagið	0	0
9951	Styrktarlífur	22.440	9951	Styrktarlífur	7.000	29.440
<b>Styrkir og framlög alls:</b>		<b>3.970.440</b>			<b>7.000</b>	<b>3.977.440</b>
		<b>132.409.003</b>			<b>23.929.839</b>	<b>156.338.842</b>
<b>Fraðslu- og uppeldismál</b>		<b>132.409.003</b>			<b>23.929.839</b>	<b>156.338.842</b>
					<b>23.929.839</b>	<b>156.338.842</b>
<b>Rekstur samtals</b>		<b>132.409.003</b>			<b>23.929.839</b>	<b>156.338.842</b>



7.2

